

**Skriðuföllin við Tóarsel í Breiðdal,
17 september 1999**

Halldór G. Pétursson

Unnið fyrir Snjóflóðadeild Veðurstofu Íslands

NÍ-99014

Akureyri, nóvember 1999

EFNISYFIRLIT

1 INNGANGUR	3
2 VEDRIÐ 16.-17. SEPTEMBER	3
3 DREIFING SKRIÐUFALLA	4
3.1 Breiðdalur	4
3.2 Milli Breiðdals og Reyðarfjarðar	5
3.3 Eskifjörður	5
4 AÐSTÆÐUR VIÐ TÓARSEL	6
5 SKRIÐUSAGA BREIÐDALS	7
5.1 Fornar skriður við Tóarsel	8
5.2 Önnur skriðuföll í Breiðdal	8
6 NIÐURSTÖÐUR	9
7 HEIMILDIR	9

MYNDIR OG TÖFLUR

Tafla 1. Úrkomutölur 15.-18. sept. 1999	3
Mynd 1. Dreifing skriðufalla	10
Mynd 2. Riss af skriðunum við Tóarsel	11
Mynd 3. Kort af aðstæðum við Tóarsel	12

1 INNGANGUR

Eftir langt og þurrt sumar var septembermánuður 1999 mjög votviðrasamur á austan- og norðanverðu landinu. Suma dagana var óhemju úrkoma, sem í tvö skifti kom af stað töluverðum skriðuföllum. Annars vegar 8.-9. september, en þá féllu skriður í Seyðisfirði og hins vegar 17. september, en þá féllu skriður í Eskifirði og Breiðdal. Fjallar þessi skýrsla um seinni skriðuföllin og þá sérstaklega skriðurnar í Breiðdal. Við bæinn Tóarsel í Norðurdal Breiðdals urðu mikil skriðuföll, en þar féll skriða á bæjarhúsin og olli hún miklum spjöllum. Skömmu eftir skriðuföllin kannaði ég, að beiðni Snjóflóðadeildar Veðurstofu Íslands, aðstæður við Tóarsel og víðar á Austfjörðum. Fjallar þessi skýrsla um þá könnun.

2 VEÐRIÐ 16.-17. SEPTEMBER

Einmunatíð var á austan- og norðanverðu landinu síðast liðið sumar og var sumarið bæði þurrt og hlýtt. Haustrigningar hófust í byrjun september með miklu vatnsveðri, en því fylgdu skriðuföll á Austfjörðum dagana 8.-9. september. Þá féllu skriður í Seyðisfirði, aðalega úr Bjólfinum. Flóð urðu á Eskifirði og þá hefur sennilega legið við skriðuföllum. Af völdum veðursins urðu vegaskemmdir í Seyðisfirði og á Eskifirði en þrátt fyrir vatnselginn urðu ekki skemmdir á vegum annars staðar. Hugsanlega er skýringin sú eins og einn vegagerðarmaðurinn orðaði það: “Jörðin var svo gegnþurr að hún gleypri þetta allt”. En á Seyðisfirði mældist úrkoman 102 mm þ. 8. sept., en 46 mm þ. 9. sept.

Mikil rigning var áfram á Austfjörðum, og aftur varð geysilegt vatnsveður og nú dagana 16.-17. september. Mest rigndi um kvöldið og nóttina og undir morgun þann 17. tóku skriður að falla. Voru mikil skriðuföll úr Hólmatindi við Eskifjörð og við Tóarsel í Breiðdal fram eftir morgni, en um hádegi dró úr rigningunni og fljótlega stytta upp. Á Eskifirði mældist úrkoman u.þ.b. 97 mm frá kl. 21 þann 16. til kl. 6:30 þann 17. eða á tæplega 10 tímum. Annarstaðar á Austfjörðum rigndi mjög mikið og eflaust hefur úrkomumagnið í Breiðdal verið svipað á sama tíma (tafla 1). Samkvæmt ábúendum á Tóarseli var rigningin þar “óskapleg” að kvöldi þess 16. Um kl. 23 var helst hægt að líkja úrkomunni við hitabeltisrigningu í logni og féll regnvatnið í óslitnum taumum fram af húspakinu. Um kl 5:30 féll svo skriðan á bæinn.

Tafla 1. Úrkomutölur frá þremur mælistöðvum á Austfjörðum, Eskifirði, Gilsá í Breiðdal og Núpi á Berufjarðarströnd, dagana 15.-18. sept. 1999. (Upplýsingar frá Veðurstofu Íslands).

Staður	15. sept.	16. sept.	17. sept.	18. sept.	Heildarúrkoma sept.
Eskifjörður	69 mm	51 mm	89 mm	12 mm	440 mm
Gilsá	15,7 mm	85,3 mm	66,3 mm	13,5 mm	414,9 mm
Núpur	24 mm	63 mm	52 mm	2,3 mm	283 mm

3 DREIFING SKRIÐUFALLA

Mynd 1 sýnir hvar skriður féllu á Austfjörðum þann 17. september. Skriðurnar voru fyrst og fremst á tveimur stöðum, annars vegar í Breiðdal og hins vegar í Eskifirði og Reyðarfirði. Einnig féllu nokkrar skriður annars staðar á milli Reyðarfjarðar og Breiðdals.

3.1 Breiðdalur

Eins og komið hefur fram féllu flestar skriðurnar í nágrenni Tóarsels í Norðurdal Breiðdals (mynd 2). Þessar skriður féllu úr fjallinu Tó, en þó flestar úr öxlinni sem gengur til suðurs frá hæsta hluta fjallins (sem er u.þ.b. 1000 m hár). Öxlin sem er flöt að ofan er um 500-600 m há og nefnist ýmist Skarðsöxl eða Tóaröxl. Einnig féllu skriður úr Ásunnarstaðafelli, sem einnig er nefnt Dísastaðafell, um 400-600 m háum múla sem gengur til austurs frá öxlinni. Þessi múli skilur að Norður- og Suðurdal Breiðdals. Voru skriðuföllin aðallega á um 2 km kafla utan og innan við Tóarsel, en flestar féllu skriðurnar úr hlíðinni ofan og innan við bæinn (mynd 2). Mátti telja þar í hlíðinni 11-14 skriður, smáar og stórar, en sumar þeirra greindust upp í nokkar kvíslir, eins og t.d. sú sem féll á bæinn, en hún greindist í þrennt. Fjórar af þessum skriðum voru stórar og náðu þær niður á eyrar Norðurdalsár í dalbotninum. Flestar áttu skriðurnar sér upptök ofarlega í hlíðinni, undir efsta klettabeltinu, og tengjast því á þann hátt eflaust einhverskonar lagamótum í berggrunni. Innsta skriðan, um 1 km innan við Tóarsel átti sér þó upptök hæðst í fjallshlíðinni. Þar innan við dró mjög úr skriðuföllum, þótt að hæsti hluti fjallsins sé þar ofan við (1000 m). Þarna sáust aðeins spýjur og lítil virkni önnur en vatnavextir, virtist hafa verið úr djúpum giljum, sem þarna ganga langt uppeftir fjallshlíðinni.

Skriðurnar umhverfis Tóarsel fylgdu nærri allar farvegum eða grunnum gilskorningum í hlíðinni (mynd 3), en rétt er að geta þess að ekki hafði hlaupið núna úr nærri öllum þeim fjölmörgu farvegum, sem þarna eru í fjallshlíðinni. Þessir grunnu farvegir eru greinilega fornir, sennlega að mestu myndaðir í ísaldarlokin eða snemma á nútíma. Þeir eru að mestu grafnir í laus jarðlög sem hylja neðri hluta fjallshlíðarinnar (mynd 3), en það markar fyrir þeim í berggrunninum. Því ná vel vera að gilskorningarnir fylgi brotalínum eða sprungum í berggrunninum. Lausu jarðlögin utan á fjallshlíðinni eru að mestu jökulruðningur auk samrýskju af jökulárseti, einkennandi jarðmyndun frá því jöklar hopuðu og bráðnuðu í ísaldarlokin. Í fjallsrótum, neðan við farvegina má víða greina aurkeilur eða sethrúgöld. Að stofni til er þetta efni sem borist hefur niður úr gilskorningunum, þegar þeir grófust en auk þess hefur efni bæst við í skriðuföllum úr þeim á nútíma, eða síðustu 10.000 árum.

Fjallshlíðin umhverfis Tóarsel er þökkalega vel gróin, þó víða glitti í jarð- og berggrunn í gegnum gróðurþekjuna. Jarðvegurinn er greinilega þykkastur í gilskorningunum og því efnið í skriðunum aðallega mold og sumsstaðar að auki grjót og malarblandaður aur, ættaður úr lausu jarðlögunum utan á fjallshlíðinni. Ekki sáust greinleg forn skriðuör í fjallshlíðinni, en það gæti bent til þess að skriðuvirknin á svæðinu síðustu aldirnar (sjá kafla 5), hafi fyrst og fremst verið bundin við farvegina eða gilskorningana.

Í þessu veðri þann 16.-17. sept. féllu skriður víðar í Breiðdal (mynd 1). Sunnanmegin í Ásunnarstaðafelli féllu tvær smáskriður neðst úr fjallshlíðinni, rétt innan við bæinn Ásgarð. Þá virtist hafa verið einhver virkni efst í fjallstindinum ofan við eyðibýlið Jörvík, en þar er fjallið þakið ógróinni urð eða skriðu og erfitt að dæma um hvort ummerkin séu gömul eða ný. Þar innan við, á milli Höskuldstaða og Höskuldsstaðasels, sáu greinilega nýjar skriðuspýjur. Í veðrinu hljóp mikill vöxtur í Selá og olli hún nokkrum vegarspjöllum við brúna á ánni. Mundu menn ekki þvílíkan vöxt í henni frá því í nóvemberveðrinu 1968 (sjá kafla 5). Rétt utan við eyðibýlið Flögu, sunnanmegin í Suðurdal féll stór skriða ofarlega úr fjallshlíðinni og niður á láglandi. Þá má vel vera að eitthvað hafi hlaupið úr stórum og djúpum giljum þar utan við, en þar neðan við er allt hulið ógrónni urð eða skriðu. Rétt þar utan við, innan við Skriðudal var þó nýrri spýja. Utar sáu engin ummerki, nema óverulegar smáspýjur innst á Berufjarðarströnd, næst Breiðdal.

3.2 Milli Breiðdals og Reyðarfjarðar

Lítill skriðuföll voru á milli Breiðdals og Reyðarfjarðar (mynd 1). Í Kambanesskriðum virtist einhver hreyfing hafa orðið, en hún hefur varla verið mikil, sennilega smávegis grjóthrun. Á mörkunum milli Stöðvarfjarðar- og Fáskrúðsfjarðarhrepps hafði skriða fallið úr Landabrún og yfir þjóðveginn, en hún hefur varla verið mikill farartálmi, nema fyrir smæstu bíla. Í Fáskrúðsfirði sáu tvær smáspýjur í brúninni, rétt utan við ána eða lækjarsprænuna sem fellur gegnum þorpið. Var nánast sem lækurinn hefði hlaupið úr farvegi sínum og komið þessum skriðuföllum af stað. Í Vattarnesskriðum sáu engin ný ummerki sem tengja mátti þessu veðri. Í mynni Reyðarfjarðar sátu ný smáspýja ofan við Kotmúla, en í Reyðarfirði sáu ekki önnur ummerki fyrir en í nágrenni Hólmatinds.

3.3 Eskifjörður

Í Reyðarfirði er eins og rigningin hafi legið utan í fjallendinu sem Hólmatindur er hluti af (mynd 1). Fyrstu skriður sáu við Ljósárdal utan við Búðir í Reyðarfirði. Þar höfðu nokkrar spýjur fallið úr hlíðinni neðan við dalsmynnið. Utan við Grjóttárdal höfðu stærri skriður fallið. En þaðan og út á Hólmaháls höfðu fallið 5-6 skriður úr fjallshlíðinni og 2-3 af þeim náð niður á þjóðveginn. Þar við bæina Hraun og Flateyri höfðu orðið skemmdir á þjóðveginum og skriðurnar eyðilagðar ræsi.

Úr Hólmatindi Eskifjarðarmegin, höfðu orðið mikil skriðuföll. Þar féllu a.m.k. 10 skriður á um 2 km kafla gegnt þorpinu. Fóru a.m.k. 6 þeirra yfir þjóðveginn og ollu sumar miklum skemmdum. Voru þær allt að 50 m breiðar og 2 m þykkar þar sem þær lágu yfir þjóðveginn. Upptök alla þessara skriðna voru hátt í fjallinu og fylgdu þær farvegum eða giljum niður fjallshlíðina. Ofan úr fjallinu hefur borist aur og vatn, en skriðunum lagst til efni úr giljunum niður alla hlíðina. Neðarlega í fjallshlíðinni hafa þó skriðurnar virkilega tekið að stækka er þeim lagðist til efni úr þykkum lausum jarðlögum sem liggja utan á hlíðinni. Lausu jarðlögin eru annars vegar urð, sem borist hefur niður í fyrri skriðuföllum og ruðningur sem orðið hefur eftir utan á fjallinu þegar jöklar bráðnuðu.

Innar í firðinum, skammt utan við eyðibýlið Eskifjarðarsel höfðu orðið talsverð skriðuföll úr sömu fjallshlíð. Þar höfðu orðið talsverð gróðurspjöll þegar fjórar skriður

hlupu niður fjallshlíðina. Þær áttu upptök sín neðan við hjalla í fjallinu, í um 300 m hæð og fylgdu farvegum eða gilskorningum niður fjallshlíðina.

Hinum megin í firðinum sáust engar skriður, en þar höfðu greinilega orðið miklir vatnavextir í ám og lækjum. Ef til vill hefur ekki verið svo langt í það að þar færu skriður af stað, því í nágrenni þorpsins sáust víða merki um að jarðvegur hefði þanist út af vatnsprýstingi. Þess ber þó að geta að sum þeirra ummerkja gætu verið eldri, eða frá því 8.-9. september, en þá mun hafa legið við skriðuföllum á Eskifirði.

4 AÐSTÆÐUR VIÐ TÓARSEL

Bærinn í Tóarseli stendur beint neðan við Bæjarlækinn, en eftir þeim farvegi eða skorningi eru sagnir um að skriður og krapaspýjur hafi hlaupið (sjá kafla 5). Bærinn og heimatúnið standa á flötum hjalla undir fjallshlíðinni (mynd 3). Ýmis ummerki eru eftir eldri skriðuföll, sérstaklega þegar hafðar eru í huga sagnirnar sem getið er í kafla 5. Sennilega stendur bæinn í Tóarseli að mestu ef ekki öllu leyti á fornum hlaupum eða framburði skriðufalla úr Bæjarlæknum, auk rústa af eldri bæjum og öðrum mannvistarleifum. Því hefur myndast þarna í tímans rás, lágur og flatur bæjarhóll, sem þrátt fyrir allt hefur verið nokkur vörn gegn vatnavöxtum og minniháttar hlaupum úr Bæjarlæknum. Þegar nýtt íbúarhús var byggt í Tóarseli (1948-1950), var bærinn færður aðeins neðar og vélaskemma reist (1956) þar sem gamli bærinn stóð. Að sögn fyrri ábúanda mun skemman einmitt hafa verið reist þarna ofan við íbúðarhúsið, til að verja það gegn hugsanlegum skriðuhlaupum. Það varð raunin þann 17. september, því skriðan féll beint á skemmuna. Hún kubbaðist niður og tók þannig mesta höggið af íbúðarhúsinu.

Skorningurinn ofan við bæinn, farvegur Bæjarlækjarins mun hafa verið algróinn fyrir skriðuhlaupið og gæti hafa leynst þar nokkuð þykkur jarðvegur. Auk þess er hugsanlegt að lækurinn hafi víða verið nokkuð niðurgrafinn eða runnið undir jarðvegsbökkum. Þá sést á loftmynd, sem tekin er fyrir skriðufallið að lækurinn hefur runnið efst á flatanum sem bærinn og túnið standa á, nánast fast upp við hæsnakofann sem skriðan tók. Þar hefur lækurinn sveigt út á túnið og ekki er ólíklegt að framburður gamalla skriðna hafi beint honum þessa leið (mynd 3). Þessi sveigja á læknum mun hafa nægt til að beina krapahlaupum frá bænum og út á túnið. Samkvæmt upplýsingum fyrri ábúanda á Tóarseli eru aðeins þekktar smá krapaspýjur úr Bæjarlæknum, en stærri spýja mun hafa komið úr næsta gili innan við, Réttargili og bar hún með sér grjót niður á túnið. Þau krapahlaup sem fyrri ábúandi mundi eftir, áttu sé upptök neðan við efsta brattann í hlíðinni og tengdust þau rigningu niður í mikinn lausasnjó. Klettabeltið og brúnin efst í fjallinu er yfirleitt “hrein” og þar litlar sem engar hengjur.

Skriðan sem féll eftir farvegi Bæjarlækjarins átti sér upptök efst í fjallshlíðinni, rétt undir klettabeltinu í fjallsbrúninni (myndir 2 og 3). Upptök skriðunnar eru mjó og oddlaga, en skriðan hefur breikkað ört á leið sinni niður fjallshlíðina. Hún hefur fljótlega lent í farvegi Bæjarlækjarins og ekki er ólíklegt skriðuupptökin tengist uppsprettu eða lind undir neðsta klettabeltinu. Alla vega er hægt að rekja Bæjarlækinn á loftmyndum upp að klettabeltinu og svo er reyndar raunin með aðra farvegi í fjallshlíðinni innan við Tóarsel. Skriðan verður fljótlega það breið að hún tekur að

greinast upp í álmur og niður að Tóarseli fellur hún í þremur kvíslum, sem þó sameinast allar að lokum efst á túninu í farvegi Bæjarlækjarins (myndir 2 og 3). Skriðukvíslarnar fylgja grunnnum skorningum í hlíðinni, en af þeim er Bæjarlækurinn dýpstur. Rof er mismikið í álmunum og það efni sem barst niður á tún er fyrst og fremst ættað úr Bæjarlæknum og mið skriðukvíslinni. Þar hefur jarðvegsrofið hafist fyrir alvöru þegar skriðan hefur verið komin niður í miðja hlíð og má segja að þar hafi skriðunni lagst til nýjar skriður, svo mikið og skyndilegt er rofið þar. Þar hefur skriðan víða skafið allt niður á berg og náð þar bæði í mold og aur og grjót úr lausum jarðlögunum utan á fjallshlíðinni. Ofar og í innstu skriðukvíslinni er rofið miklu minna og þar víða hefur efni frekar smurts utan á fjallshlíðina, en rof hafi átt sér stað.

Þegar kom niður á flatann og túnið neðan við, tók skriðan að dreifa sér. Að hluta fylgdi hún farvegi lækjarins og dreifði aur og grjóti yfir túnið. Sá hluti skriðunnar fór lengst niður á eyrar, en hinn hlutinn reif sig upp úr farveginum og hljóp beint á skemmuna ofan við bæinn. Síðan hrúgaðist moldin og aurinn upp að íbúðarhúsinu og fjósinu, en hluti hélt áfram niður á tún, á milli fjóssins og fjárhúsanna. Meira grjót virtist vera í kvíslinni sem fór eftir lækjarfarveginum niður túnið, en skýringin á því gæti verið sú að vatnið sem fossaði niður skriðurörið eftir hlaupið hafi skolað burtu moldinni og aunum, en skilið eftir grjótið þar sem það var komið.

Skemman sem skriðan tók stóð þar sem gamli bærin í Tóarseli hafði staðið áður, en auk þess hirti skriðan hæsnakofann á bænum, en stóð efst á túninu, rétt utan við Bæjarlækinn. Skemman tók mesta höggið af íbúðarhúsinu, en auk þess lenti lítil Benzrúta, sem stóð ofan við íbúðarhúsið í hlaupinu. Hún hefur mjög sennilega varnað því að skriðan færi inn í íbúðarhúsið, en aur rann inn í fjósið. Svo mikill kraftur var á skriðunni að skemman kubbaðist algerlega við skriðufallið og þó var veggurinn sem snéri að fjallinu steypur og eitthvað járnbundinn. Þá lentu mörg landbúnaðartæki í skriðunni og fjöldi heyrúllna. Auk þess er túnið umhverfis bæinn undir aur og grjóti.

Ofan við íbúðarhúsið á Tóarseli er núna töluverð aur- og moldardyngja, en ofan við hana, efst á túninu hefur mól og grjót hlaðist undir Bæjarlækinn. Hann rennur enn þá niður túnið eins og hann gerði fyrir skriðufallið, en ekki þarf mikið til að hann hlaupi beina leið niður að íbúðarhúsinu. Á sama hátt er í dag bein leið fyrir krapahlaup og aurskriður ofan úr farvegi Bæjarlækjarins og niður að Tóarseli. Þrátt fyrir að skriðan við Tóarsel hafi verið efnismikil og fjarlægð mikið af jarðvegi úr Bæjarlækjarfarveginum, þá leynist þar víða þykkur jarðvegur enn þá. Sérstaklega er rétt að benda á að úr sumum hliðarkvíslum farvegarins hljóp ekkert í þetta skiftið (mynd 3). Í fjallshlíðinni ofan við Tóarsel er enn þá eftir nóg af hráefni í efnismikil skriðuföll í framtíðinni.

5 SKRIÐUSAGA BREIÐDALS

Heimildir um skriðuföll á Austfjörðum eru að sumu leyti fátæklegri en annars staðar á landi. Er ástæðan aðallega sú að sá hluti jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalín sem fjallar um Austfirði er glataður. Verður því að leita til annarra heimilda, en sú leit er nokkuð tímafrek og alls ekki innan ramma þessa verkefnis. Því varð aðeins gluggað í fáeinar heimildir og má vel vera að hægt sé að grafa upp frekar

upplýsingar um skriðuföll í Breiðdal með nákvæmari leit, t.d. í gögnum Örnefnastofnunar.

5.1 Fornar skriður við Tóarsel

Um Tóarsel segir svo í sveitarlýsingu (Ármann Halldórsson, ritst. 1976): “Fjöldi lækja (milli 20 og 30 merktir á korti) fellur niður hlíðar, og hafa margir grafið gil og sent stórar aurskriður yfir gróðurlendisræmuna í dalbotninum”. Sennilega er hér fyrst og fremst átt við gilin innan við bæinn, þau sem ganga upp í hæsta hluta Tóar. Í sömu heimild er vitnað í jarðarlýsingu frá 1918, en þar segir: “Tíðar aurskriður og hlauphætt á engjar”.

Í gögnum Örnefnastofnunar finnst ýmis fróðleikur um skriðuföll og grjóthrun við Tóarsel. Um bæ og tún segir: “Túnið var fremur lítið og víðast jarðgrunnt, enda vaxið upp úr gömlum skriðum ofan úr brekku”. “Grjóthóll var neðan við bæ. Þrír stórir steinar stóðu þar upp úr túninu, gömlu grónu hlaupi. Nú hefur þeim verið rutt á brott”. Um svæðið innan við bæinn segir: “Réttarlækshlaup er innan við tún, það er gamalt og vel gróið, en þó stóðu upp úr því stórir steinar. Heimarétt, fjárrétt, var í hlaupinu, beint inn af bæ”. “Nýjahlaup er inn og upp af Holtum og gróið”. “Stóristeinn er innst á Grundinni, bjarg ofan úr Tó”. “Kvíar, Balakvíar, hafa eflaust verið á Kvíabala, sem er inni á milli urða Kvíagilja. Engar rústir sáust þar, en kvíarnar gátu hafa tekið af í hlaupum í giljunum”.

Samkvæmt upplýsingum Sigurjóns Geirs Péturssonar, fyrrverandi ábúanda á Tóarseli, hljóp skriða úr Bæjarlæknum, á að giska í júlímánuði 1940. Var þetta töluverð skriða, sem klofnaði um bæinn og rann í tveimur álmum niður túnið. Bærinn stóð þá þar sem vélageymslan var seinna reist, en við byggingu hennar var haft í huga að hún gæti orðið nokkur skriðuvörn núverandi íbúðarhúsi. Þetta skriðufall var í mikilli rigningu og vel má vera það hafi orðið í þeirri miklu rigningu, sem gekk yfir Austurland 29. júní 1940. Í því veðri urðu mikil skriðuföll í Lóni og á Eskifirði og er líklegt að þá hafi skriður fallið víðar, þótt þær hafi ekki ratað í heimildir (Ólafur Jónsson 1957, Halldór G. Pétursson 1996). Þá mundi Sigurjón eftir skriðuföllum árið 1946, úr Réttarlæknum og næstu skorningum innan við, auk mikilla skriðufalla úr stóru giljunum, enn innar. Hugsanlega hefur þetta orðið í miklu rigningarveðri 5.-7. ágúst 1946, en þá urðu mikil skriðuföll í Reyðarfirði, Eskifirði, Norðfirði, Mjóafirði og Seyðisfirði. Um stóru gilin innst Tó sagði Sigurjón að þar væru hlaup algeng, en framburður þeirra tengdist þó frekar vatnavöxtum, en skriðuföllum.

Krapahlaup eru þekkt við Tóarsel, en um þau og snjóflóðahættu við bæinn er aðeins tæpt á í kafla 4.

5.2 Önnur skriðuföll í Breiðdal

Aðeins var gróflega kannað hvað fyndist í heimildum um skriðuföll annars staðar í Breiðdal og ekkert hugað að snjóflóðum, enda það alls ekki innan ramma þessa verkefnis.

Þann 16. sept. 1936 féllu miklar skriður við bæinn Sæhvamm í Breiðdal. Skriða féll sitt hvoru megin við bæinn, tún skemmdust mikið og auk þess urðu þarna mikil önnur

landspjöll. Á Berufjarðarströnd urðu mikil spjöll á landi bæjanna Streitis og Núps. Í þessu veðri féllu skriður mjög víða á Austfjörðum (Ólafur Jónsson 1957, Halldór G. Pétursson 1996).

Þann 12.-13. nóv. 1968 féll skriða yfir túnið á bænum á Hóli í Breiðdal og umhverfis íbúðarhúsið. Var fólk að flýja bæinn sökum skriðuhættu. Í þessu veðri urðu mikil skriðuföll og óhemju vatnavextir víða á Austurlandi, þegar mikil rigning varð eftir mikla snjókomu (Halldór G. Pétursson 1992)

Í jarðalýsingum úr Breiðdal leynist ýmis fróðleikur um skriður (Ármann Halldórsson, ritst. 1976). Þar er þess getið að í Sæhvammslandi sé mjög hlaupahætt og tún og engjar hafi oft spillt af skriðum í önnur skifti en 1936. Í landi Þverhamars er getið að skriða úr Drangalæk hafi hlaupið árið 1783 og spillt mjög túni og nágrenni bæjarins. Þá er þess getið að Setuborg, afbýli frá Þverhamri hafi eyðst í skriðuhlaupi. Í landi Þorvaldsstaða er þess getið að svonefnd Þjófahola sé horfin undir skriður. Um Tóarsel segir að þar séu tíðar aurskriður á og hlauphætt á engjar. Á Dísastaði hljóp skriða árið 1907 úr bæjargilinu og yfir bæ og tún og eyðilagði bæinn. Slys urðu ekki á mönnum, en jörðin var í eyði í nokkur ár á eftir. Um Hól segir að skriðuföll séu tíð í landinu. Að lokum er þess getið að Vafrastaðir, sem var afbýli frá Streiti sé horfið undir skriður fyrir löngu.

6 NIÐURSTÖÐUR

Bæjarlækurinn ofan við Tóarsel er skriðufarvegur og stendur bærinn á framburði úr honum. Tvær skriður eru þekktar úr honum á þessari öld, 1940 og 1999 og má segja að þær hafi báðar fallið á bæinn. Þá finnast einnig merki um eldri skriður. Auk þess hafa krapaspýjur fallið úr farveginum. Þykkur jarðvegur leynist víða í farveginum og getur hann orðið hráefni í efnismikil skriðuföll. Þessar skriður geta auðveldlega fallið beint niður á íbúðarhúsið og fjósið og sama má segja um krapahlaup og jafnvel flóð í læknum.

7 HEIMILDIR

Munnlegar upplýsingar: Sigurjón Geir Pétursson, fyrrverandi ábúandi Tóarseli, nú búsettur á Egilstöðum.


Örnefnastofnun Íslands: Örnefnaskrá fyrir Tóarsel í Breiðdalshrepp í Suður-Múlasýslu. Hannes Þórðarson skráði 1978.

Ármann Halldórsson, ritst. 1976: Sveitir og jarðir í Múlaþingi, III. bindi.


Halldór G. Pétursson 1992: Skriðuannáll 1951-1970. Náttúrufræðistofnun Norðurlands, skýrsla 16.

Halldór G. Pétursson 1996: Skriðuannáll 1925-1950. Náttúrufræðistofnun Íslands - Akureyri, skýrsla 3.


Ólafur Jónsson 1957: Skriðuföll og snjóflóð.



Mynd 1: Staðsetning skriðufalla á Austfjörðum þann 16.-17. sept. 1999.



Mynd 2: Riss af skriðunum sem féllu þann 17. sept. 1999, í fjallshlíðinni ofan og innan við Tóarsel.



Mynd 3: Gróft kort af aðstæðum í fjallshlíðinni ofan og innan við Tóarsel. Kortið er gert eftir loftmynd. Farvegir eru dregnir upp og skriður sem féllu þann 17. sept. 1999, rissaðar með skástrikum. Staðsetning hæðarlína er mjög gróf. Byggingar á Tóarseli eru númeraðar. 1) Vélaskemma. 2) Íbúðarhús/fjós. 3) Fjánhús. 4). Hænsnakofi.